



Ísafjarðarbær  
Birgir Gunnarsson bæjarstjóri  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 ÍSAFIRÐI

Kópavogi, 22. október 2021.

### Ágóðahlutagreiðsla 2021

Á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga EBÍ.

Þar var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.

Stjórn EBÍ hefur það að markmiði að útgreiðsla ágóðahlutans minnki líkur á að gengið sé á eigið fé félagsins til lengri tíma og jafni út sveiflur í greiðslu ágóðahlutans. Til að fullnægja þessum skilyrðum hefur verið litið til meðalhækkunar eigin fjár síðustu þriggja ára og að öllu jöfnu verði ekki greiddur út lægri ágóðahlutur en 50 milljónir og ekki hærrí en 250 milljónir.

Ávöxtun verðbréfasafnsins sl. tvö ár er nokkuð góð þannig að ofangreind meðalhækkun eiginfjárins er 90 milljónir. Því ákvað stjórn EBÍ á fundi sínum þann 8. október sl. að greiddar verði út 90 milljónir til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2021.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ og er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddar út úr félaginu **7,2 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 4,82 % og greiðsla ársins þann 28. október verður þá hlutfall af kr. 90 milljónum eða kr. **4.338.000.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Anna Sigurðardóttir  
Framkvæmdastjóri EBÍ.